

um skipun nefndar til þess að endurskoða orlofslögin.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson, Guðm. Í. Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að endurskoða lög nr. 16 frá 26. febr. 1943, um orlof, með það sérstaklega fyrir augum að lengja orlofsréttinn upp í þrjár vikur, að tryggja endurbætt og fast skipulag ódýrra og hentugra orlofsferða, innanlands og til útlanda, og að tryggja eftir því, sem kostur er, að greiðslur á orlofsfé fari eingöngu fram með merkjum, er innleyst séu á ákveðnum tímabilum.

Einn nefndarmanna sé skipaður eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar eftir ákvörðun Vinnuveitendasambands Íslands, en sá þriðji án sérstakrar tilnefningar. Skál nefndin ljúka störfum svo fljótt, að unnt verði að leggja eigi síðar en fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breytingar á orlofslögunum, að fengnum athugunum nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Skömmu fyrir síðustu heimsstyrjöld var sett ný orlofslöggjöf á Norðurlöndum. Átti hún miklum vinsældum að fagna meðal launafólks þar í löndum. Félagsmálaráðuneytið, er fyrsti flm. þessarar tillögu veitti þá forstöðu, hófst handa um það á árunum 1939—1940 að safna gögnum og upplýsingum um þessa löggjöf á Norðurlöndum. Og þegar það ráðuneyti hafði nokkuð ýtarlega athugað norræna löggjöf um þessi efni og framkvæmd hennar, þótti eðlilegast, að Alþingi ákvæði að hefjast handa í þessu máli. Þingmenn Alþýðuflokksins fluttu því á Alþingi 1941 þingsályktunartillögu um undirbúning þessarar löggjafar, og fylgdi tillögunni ýtarleg greinargerð, þar sem rakin var norræn orlofslöggjöf og framkvæmd hennar og leidd að því rök, að nauðsynlegt væri, réttlátt og fyllilega tímabært að setja svipaða löggjöf hér á landi. Ályktunartillaga þessi náði samþykki Alþingis, og var þá ákveðið að skipa millipinganevnd til undirbúnings löggjafarinnar. Þessi nefnd var síðan skipuð 17. okt. 1941 af þáverandi félagsmálaráðherra. Nefndin skilaði að loknum störfum frv. til laga um nýja orlofslöggjöf, og fylgdi því glögg og ýtarleg greinargerð og rökstuðningur.

En þegar hér var komið sögu, hafði orðið breyting á ríkisstjórninni, og fyrsti flm. þessarar tillögu var þá farinn úr ríkisstjórn. Hafði þáverandi ríkisstjórn engin frekari skipti af málinu, en á fyrra þingi 1942 var frv. nefndarinnar flutt á Alþingi af Alþýðuflokknum, en það dagaði þá uppi. Á Alþingi 1943 var frv. flutt að nýju af Alþýðuflokknum, með lítills háttar breytingum. Stóð um það nokkur styr á Alþingi, en var þó samþykkt sem lög þaðan 10. febr. 1943.

Löggjöf þessi reyndist tímabær og naut brátt mikilla vinsælda launafólks. Hafði þá tekizt að mynda nýjan og merkilegan þátt í íslenskri félagsmálalöggjöf. Verkalýðsfélagin höfðu í nokkur ár áður háð harða baráttu, hvert fyrir sig, til þess að fá viðurkennt orlof í samningum við atvinnurekendur. Sum þeirra höfðu unnið nokkuð á í þessu efni. En eftir að frv. um orlof var undirbúið og fram borið, en áður en það var samþykkt, óx verkalýðsfélagunum nokkuð ásmegin í þessu efni, og fengu þá sum þeirra ákvæði í samningum sínum um orlofsrétt á líka lund og í frv., en allt var þetta ótryggt og hvergi nærri almennt. En með samþykkt orlofslaganna var lagður nýr, traustur og varanlegur grundvöllur að orlofsrétti alls launafólks.

Skömmu eftir síðustu heimsstyrjöld hófst á Norðurlöndum undirbúningur að ákvörðunum um viðtækari orlofsrétt og fyllri og betri framkvæmd löggjafarinnar um þetta efni. Er nú málum þessum svo komið í nágrannalöndunum víðast, að ákveðið hefur verið að lengja orlofstímann úr 2 vikum í 3 vikur. Auk þess hafa þar verið skipulagðar viðtækar, hentugar og ódýrar orlofsferðir, og hafa alþýðusamtökin þar ótulllega unnið að málum.

Þó að orlofslögin hér á landi séu merkileg réttarbót til handa launafólki, þá er auðsætt orðið, að þörf er viðauka og endurbóta. Íslensk alþýða unir því ekki til lengdar að vera, hvað orlofsréttinn varðar, eftirbátur alþýðu annarra landa. Hafa því þegar, af auðskildum ástæðum og með eðlilegum hætti, risið upp kröfur innan íslenzkrar verkalýðshreyfingar um aukinn orlofsrétt.

Á síðastliðnu vori gerði fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík eftirfarandi ályktun:

„Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík skorar á miðstjórn A. S. Í. að leggja fyrir næsta Alþýðusambandsþing ýtarlega greinargerð um 3 vikna orlof ásamt upplýsingum um baráttu verkalýðssamtaka nágrannalandanna fyrir auknum orlofsrétti verkafólks.

Þá skorar fulltrúaráðið á öll verkalýðsfélög innan fulltrúaráðsins að taka mál þetta til umræðu á fundum sínum.

Á útifundi verkalýðssamtakanna í Reykjavík 1. maí s. l. var lögð rík áherzla á kröfuna um 3 vikna orlof. Hér er einnig um sanngirnis- og réttlætismál að ræða. Verður því ei til lengdar hamlað gegn þessari réttarbót, enda mun alþýðuhreyfingin ekki láta sér það lynda.

En það er ekki einungis lenging orlofstímans, sem er eðlileg og sanngjörn krafa. Það þarf einnig með aðstoð löggjafar- og framkvæmdarvaldsins að gera meiri og frekari gangskör að því að skipuleggja ódýrar og hentugar orlofsferðir. Getur þá vel komið til mála, er lengdur er orlofstíminn upp í 3 vikur, að koma á orlofsferðum til útlanda og ná sambandi við ferðafélög alþýðuhreyfinganna á Norðurlöndum í því skyni. Mundi ferðaskrifstofa ríkisins vera mjög eðlilegur aðili til fyrirgreiðslu og framkvæmda um nýtt og endurbætt skipulag orlofsferða, bæði innanlands og einnig, ef tók þættu á, um orlofsferðir til útlanda.

Þá hefur nokkuð borið á því, þrátt fyrir ákvæði núgildandi orlofslaga, að orlofsfé sé ekki greitt einungis með merkjum, heldur með peningagreiðslum með venjulegum launum. En það er vissulega og á að vera tilgangur orlofslaganna að tryggja sérstakar greiðslur til orlofs, en orlofsféð sé ekki venjuleg kauphækkun. Þurfa því ákvæði gildandi laga um þessi efni að takast til athugunar.

Með það fyrir augum, sem framan er skráð í greinargerð þessari, er hér lagt til, að skipuð verði sérstök nefnd til endurskoðunar á orlofslögunum. Ætti sú endurskoðun ekki að taka langan tíma, og ef vel og fljótt væri brugðizt við af Alþingi um samþykkt tillögu þessarar, mætti jafnvel gera ráð fyrir því, að hægt væri að leggja fyrir núverandi Alþingi og afgreiða þar nauðsynlegar, tímabærar og réttlátar breytingar á orlofslögunum.

Eftir að ákvörðun hafði verið tekin um flutning þessarar tillögu, hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um breytingar á orlofslögunum (þskj. 28), þar sem gert er ráð fyrir að lengja orlofstímann upp í 3 vikur. Flutningsmenn þessarar tillögu munu að sjálfsögðu styðja þetta frv. og þá væntanlega bera fram við það breytingar og viðauka. En ef það næði ekki fram að ganga, með nauðsynlegum breytingum og viðaukum, er mikils um vert, að tillaga sú, sem hér er flutt, verði samþykkt, og það svo fljótt sem unnt er á yfirstandandi Alþingi.